

### Vextir Seðlabankans lækkaðir

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,5 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækka í 8,0%. Hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum verða 9,25%. Vextir á lánum gegn veði til sjö daga verða 9,5% og daglánavextir 11,0%.

Gengi krónunnar hefur í meginatriðum haldist stöðugt frá síðasta fundi nefndarinnar, og raunar frá síðasta sumri, og án nokkurra inngripa Seðlabanka frá byrjun nóvembermánaðar. Gengi krónunnar hefur haldist stöðugt þrátt fyrir þróun heima fyrir og erlendis sem ætla mátti að hefði neikvæð áhrif á gengið, sérstaklega nýlegar hræringar tengdar ákvörðun forsetans um að staðfesta ekki Icesave-lögin. Gengisstöðugleikinn endurspeglar árangur í framfylgd gjaldeyrishaftanna og smám saman hagstæðari undirliggjandi viðskipajöfnuð.

Að ekki skuli hafa tekist að leysa deiluna um bætur til innstæðueigenda útibúa Landsbankans erlendis hefur leitt til þess að lánshæfis-einkunn ríkissjóðs hjá einu matsfyrirtækjanna hefur verið lækkuð í áhættuflokk. Það gæti einnig tafið fyrir endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og orðið til þess að lánveitingar frá sjóðnum og erlendum ríkisstjórnnum, sem eru forsenda fyrir árangursríkri lántöku á alþjóðlegum lánamörkuðum, tefjast einnig. Að því gefnu að gjaldeyrishöftin haldi, ættu skammtímaáhrif á krónuna að vera lítil. Hins vegar væri áhættusamt að taka fleiri skref til afnáms gjaldeyrishaftanna á meðan þessi óvissa varir.

Verðbólga hjaðnaði áfram í desember og janúar, ívið meira en spáð var í nóvember. Í janúar mældist verðbólgan 6,6%, eða 5,2% ef áhrif hærri neysluskatta eru frátalin. Lækkun vísitölunnar um 0,3% í janúar var óvænt. Eigi að síður er því spáð að undirliggjandi verðbólga hjaðni hægar á þessu ári en spáð var í nóvember, en muni þó ná verðból gumarkmiðinu seint á árinu.

Haldist gengi krónunnar stöðugt eða styrkist, og verðbólga hjaðnar eins og spáð er, ættu forsendur fyrir frekari slökun peningalegs aðhalds að vera áfram til staðar. Svigrúm peningastefnunefndarinnar til vaxtalækkunar verður þó takmarkað svo lengi sem veruleg óvissa ríkir um aðgengi Íslands að alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Eins og ávallt er nefndin reiðubúin til að breyta aðhaldi peningastefnunnar eins og nauðsynlegt er með hliðsjón af því tímabundna markmiði hennar að stuðla að gengisstöðugleika og í því skyni að tryggja að verðbólga verði nálægt markmiði til lengri tíma litið.


## Áþekkar horfur en aukin óvissa

Í meginatriðum eru efnahagshorfur svipaðar og í nóvember. Samdrátturinn á síðasta ári var minni en áður var talið en á móti verður hann meiri á þessu ári. Efnahagsbatinn verður veikari, einkum vegna seinkunar fjárfestingar tengdrar stóriðju. Talið er að verðbólga hjaðni meira á fyrsta fjórðungi þessa árs en að hún verði meiri út næsta ár en útlit var fyrir í nóvember, enda hækkun launakostnaðar á framleidda einingu meiri, gengi krónunnar heldur veikara og verðbólguvæntingar hærri. Óvissa um efnahagshorfur hefur jafnframt aukist vegna meiri óvissu um framgang efnahagsáætlunar stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Mikilvæg forsenda spárinnar er að þessi óvissa minnki tiltölulega fljótlega, ella eru horfur á því að fjárfesting taki seinna við sér og samdráttur landsframleiðslu og atvinnuleysi verði meiri en hér er spáð.


## Alþjóðleg efnahagsmál og utanríkisviðskipti

- Staðan á alþjóðlegum fjármálamörkuðum heldur áfram að batna og áhættuþóknar eru orðnar svipaðar og þær voru fyrir fjármálakreppuna.
- Hagvöxtur mældist á ný á evrusvæðinu á þriðja ársfjórðungi, fyrst og fremst vegna hagvaxtar í Þýskalandi. Efnahagsbati á evrusvæðinu er því hafinn, eftir fimm ársfjórðunga samdráttarskeið. Hagvöxtur mældist einnig í Bandaríkjunum á þriðja ársfjórðungi og í Bretlandi á þeim fjórða. Hagvöxtur hafði einnig tekið við sér í Japan á öðrum ársfjórðungi.
- Aukin bjartsýni virðist ríkja um hagvöxt á næsta ári víðast hvar. Nýjasta spá Efnahags- og þróunarstofnunarinnar (OECD) gerir ráð fyrir um 1-2½% hagvexti í helstu viðskiptalöndum Íslands á árinu. Þessi spá, og spá Consensus Forecasts, eru mjög svipaðar og spá bankans í síðasta hefti *Peningamála*.
- Verðbólguhorfur í helstu viðskiptalöndum Íslands hafa lítið breyst frá því í byrjun nóvember sl. Verðhjöðnun virðist vera að enda víðast hvar. Í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu tók verðlag að hækka á ný í nóvember. Í Bretlandi hélt verðbólgan áfram að hækka og var 2,9% í desember.
- Helstu iðnríkin hafa haldið stýrivöxtum óbreyttum undanfarna mánuði. Á sama tíma hafa stýrivextir haldið áfram að lækka víðast hvar í heiminum. Þó hafa seðlabankar nokkurra landa, t.d. Noregs og Ástralíu, hafið hækkun vaxta.
- Samkvæmt nýjustu spá OECD hafa horfur um alþjóðaviðskipti batnað töluvert. Þar er gert ráð fyrir að þau hafi tekið að glæðast seint á síðasta ári, með Asíuríkin utan OECD í fararbroddi, en

Mynd 1  
Alþjóðlegur hagvöxtur  
Magnbreyting VLF 1. ársfj. 2003 - 3. ársfj. 2009



Mynd 2  
Alþjóðaviðskipti



1. Greiningin sem hér birtist byggist í meginatriðum á mati bankans á þróun efnahagsmála sem birtist í *Peningamála* 2009/4 í nóvember sl. og þeirri uppfærðu spá sem hér er birt. Hún er byggð á gögnum sem lágu fyrir 26. janúar.